

Verkefnaráð**Fundargerðir: Verkefnaráð 14.08.2025**

Stafræn sorphirða – RFID örflögur á sorpílát við heimili.....	2
Önnur mál	4

Verkefnaráðsfundur 14.08.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 14.08.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, , Þröstur Sigurðsson	
Fjarverandi: Harpa Atladóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir	
Fundarritari: Harpa Atladóttir / Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 14. ágúst 2025, kl. 10 –11:00 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00–10:05 Samstilling

10:05–10:20 Stafræn sorphirða – RFID örflögur á sorphlát við heimili: Krístín Björg

10:20-10:25 Umræður

10:25-10:45 Önnur mál:

Kynning fyrir verkefnaráð á ný uppfærðu ferli verkefnaráðs – Eva Björk

Kynning fyrir verkefnaráð á PBI skýrslum verkefnaráðs og stafræns ráðs –
Eva Björk

10:45–10:55 Umræður

11:00 Fundi slitið

Stafræn sorphirða – RFID örflögur á sorphlát við heimili

Í dag er engin tenging við ílát sem eru talin, rukkuð eða losuð. Það er engin staðfesting á losun íláta sem leiðir að miklum samskiptum við íbúa vegna losunar og frávika. Öll ílát eru handtalin árlega og erfitt er að halda utan um eignir borgarinnar/tunnurnar. Það er engin staðfesting á losun íláts né tímasetning og óljós afköst eru á hirðuflokkum sem hefur áhrif á sölu. Skráning frávika hefur átt sér stað í hópum á Workplace/Teams.

Markmið með verkefninu er að sorphirðan hafi yfirlit á öllum ílátum og greiðslu þeirra. Ógreiddar tunnur verði ekki losaðar og sleppa árlegri talningu. Rauntímaupplýsingar verði í sorphirðudagatali og að staðsetning sorphíla og tölfraði yfir tunnur verði í LUKR (Landupplýsingakerfi Reykjavíkur). Verkefnið er forsenda fyrir því að mögulegt sé að birta upplýsingar t.d á Mínum síðum, LUKR og fleiri stöðum.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óska eftir verkefnastjóra í fasa 2 af verkefninu
- 50% í 6 mánuði = 4.500.000 kr.

Búið er að gera:

- Forgreining verkefnis.
- Kaupa örflögur og tengja þær við grunnupplýsingar (Fasi 1). Gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs.
- Sorphirðudagatalið.

- Færa workplace hópa yfir í M365 umhverfi.

Með verkefninu á m.a að:

Styðja við stafræna vegferð sorphirðunnar og þeim gert kleift að:

- sjá strax ílát sem ekki er greitt af og bregðast við.
- fá betri yfirsýn yfir stöðu á hirðu og afköstum sorphirðu.
- geta veitt íbúum betri upplýsingar um tunnufjölda, tæmingar og frávik í sjálfsþjónustu eða gegnum þjónustuver.
- Setja RFID-örflögur á allar sorptunnur og tengja þær við heimilisfang.
- Tölvubúnaður með GPS og innskráningu fyrir starfsfólk í bíla sem sendir upplýsingar um losun á ílátum með tímasetningu og staðsetningu.
- Hugbúnaður á skrifstofu sem tekur við og birtir upplýsingar frá bílum. Leysir af hólmi skráningar á samfélagsmiðlum.

Í fasa 2 er stefnt að útboði sem felur í sér eftirfarandi þætti:

- Fullvinna þarfragreiningu og kröfulýsingu fyrir hugbúnað.
- Senda út markaðskönnun ef þarf.
- Greina niðurstöður úr markaðskönnun og velja hugbúnað.
- Fara í útboð á kerfi.
- Gæta að tengingu við UT og þjónustuver/ skrifstofufulltrúa.

Væntur ávinningur/ábati:

Betri yfirsýn yfir starfsseminna og betri þjónusta við íbúa. Skipulagning einstakra flokka m.t.t stærðar hverfa, veðurs og fleira. Bætt eftirlit með starfsfólki og verktökum og hægt að bjóða út vinnu. Mögulegur samrekstur.

Mælanlegur áætlaður ábati:

- Umhverfisáhrif:
 - Kolefnissparnaður: 99 KG (800km akstur + 4000 miðar)
- Tímasparnaður:
 - 1054 klst (talning og svörun fyrirspurna)
- Kostar minna
 - 1.707.000 kr. (aukavinna í talningu)
- 1.200.000 kr. (útrent á miðum)
 - 26.801.056 kr. (ógreidd gjöld en tunnur samt losaðar)

Áætlaður ábati samals: 40.322.651 kr. (aksturinn, tími í talningu, útrentun miða, ógreidd gjöld) eftir fasa 3.

Tímarammi: 6 mánuðir í fasa 2.

Áætlaður kostnaður: 4,5 m.kr.

Næstu skref:

- Innleiðing verkefnastjóra

- Þarfagreining
- Uppsetning á markaðskönnun (ef á við)
- Ferlagreiningar (gæta tengingar t.d. UT)
- Uppsetning á útboði
- Val á kerfi

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 14.08.2025: 5,0

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir verkefnið til forgangsröðunar hjá stafrænu ráði. Gera skal heimildarbeiðni.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar hjá stafrænu ráði.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Kynning á nýuppfærðu ferli verkefnaráðs.

Yfirferð á ferli verkefnaráðs í gæðahandbók Vörðu. Helstu breytingar eru að vinnsla heimildarbeiðna er komin inn og breytingar því tengdu.

- Heimildarbeiðnir eru unnar fyrr og því komnar inn í ferli verkefnaráðs þar sem ýmist stafrænn leiðtogi, vörustjóri eða verkefnastjóri vinnur hana.
- Verkefnaráð samþykkir eða hafnar verkefnatillögum til forgangsröðunar stafræns ráðs.
- Heimildarbeiðni og annað efni fer fyrir stafrænt ráð sem forgangsraðar verkefnatillögum áfram til borgarráðs.
- Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs sækir heimild til borgarráðs fyrir verkefnatillögum, borgarráð tekur lokaákvörðun um samþykkt fjármagns.

Kynning á powerBI skýrslum verkefnaskrár.

Hafa ber í huga að hér veltur allt á skráningum inná spjöld verkefna í verkefnaskránni svo að upplýsingar séu réttar. Þetta er fyrsta yfirferð og eflaust margt sem má rýna, þróa og bæta.

Að útbúa skýrslur var hluti af verkefninu að færa verkefnaskránni yfir í nýtt kerfi og hafa þannig möguleika á betri yfirsýn og sýnileika yfir verkefni sem eru í gangi hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Skýrslur voru til staðar sem ekki var búið að nýta eða uppfæra í þónokkuð langan tíma. Farið var í þarfagreiningu á verkefnaskránni og skýrslum, markmið var að:

- Skýrslur gefi skýra og góða sýn yfir framgang verkefna – tími, kostnaður, nústaða kostnaðar. Að hægt væri að fá sýn á heildina og vinna sig niður á t.d deild, verkefni, verkefnastjóra o.s.frv.

Skýrslurnar sýna:

Yfirlitssíða felur í sér yfirsýn yfir verkefni sem eru ekki hafin, verkefni á bið, verkefni í vinnslu og verkefni á eftir áætlun. Allt er þetta niður á svið Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn felur í sér að hægt er að sjá verkefni niður á starfsmann til að geta séð verkefnaumfang/fjölda verkefna hans, svo að deildarstjóri/stjórnandi geti áttað sig á álagi og áætlað hvenær starfsmaður geti tekið að sér ný verkefni.

Tímalína felur í sér að hægt er að sjá verkefni niður á starfsmann á tímalínu og hvort verkefni sé skráð í vinnslu.

Fjármál felur í sér yfirsýn yfir ýmislegt er tengist fjármálum verkefna. Þarna er yfirsýn yfir heimildarbeiðni – samþykkt fjárhæð í heild, raunstaða fjárheimildar í heild, mismunur á milli þessara tveggja.

Hægt er að skoða niður á svokölluð klasanúmer og niður á svið. Eins skoða hvert verkefni fyrir sig.

Í framtíð væri hægt að tengja við vöruhús gagna þegar fjármálagögn verða komin þangað og þá er hægt að útfæra þetta á annan máta. Þá er tryggt að gögn séu rétt, því hér eru gögn sótt í verkefnaskránni sem byggjast alfarið á handslegnum tölum hvers ábyrgðaraðila verkefnis fyrir sig. Meta þarf í framhaldi hvort þetta sé rétti staðurinn til að sýna þessi gögn eða hvort það sé annar staður sem á betur við.

Stafrænt ráð felur í sér yfirsýn fyrir aðila í fagraðinu til að einfalda þeim yfirlit yfir verkefnin og ákveðin eigindi.

Er notað meðal annars til að fagraðið forgangsraði verkefnum eftir forgang 1, 2 og 3.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 28.ágúst 2025.